

Glæsilegur árangur hjá Ingunni AK-150

„Hundrað prósent ánægður!“ - segir Guðlaugur Jónsson skipstjóri

Ingunn AK-150, eitt uppsjávarskipa HB Granda, náði frábærum árangri með nýtt 2432 metra Gloríu Helix partroll frá Hampiðjunni á síldar- og makrílmiðunum austur og norð-austur af landinu í sumar þar sem nær eingöngu er veitt þétt uppi við yfirborð sjávar með partrolli.

Risahöl

Um miðjan ágúst veiddi Ingunn ásamt Lundey 1200 tonn af hreinni síld á fjórum tímum og fóru 400 tonn um borð í Ingunni og 800 tonnum var dælt um borð í Lundeyna. Þetta er eflaust einn mesti síldaraflí í flottroll á svo stuttum tíma og afrek út af fyrir sig að geta náð öllum aflanum um borð án áfalla. Á undan þessu risahali veiddust 600 tonn á þremur tímum í trollið.

Endurbætt hönnun

2432 metra Gloríu Helix partrollið hefur verið í notkun undanfarin ár, fyrst um borð í skipum Vinnslustöðvarinnar þeim Sighvati Bjarnasyni og Kap. Á síðasta ári bættust við þörin Þorsteinn /Júpiter og Álsey / Guðmundur frá Ísfélagi Vestmannaeyja. Þegar HB Grandi ákvað nú í vor að fjárfesta í nýju partrolli var ákveðið að það færi um borð í Ingunni.



Það tekur í að ná inn 1200 tonnum af síld um borð.

Ljósmynd: Viðar Sigurðsson

Sterkara veiðarfæri

Fyrir síðustu vertíð var ákveðið að endurbæta

hönnunina á trollinu þannig að það nýtti betur krafta þankaðlanna og smalaði

fiski á enn breiðara og stærra svæði en áður. Þá var tekið tillit til þess að í parveidum þurfa veiðarfæri að vera sterkari en ella, þar sem átak getur verið misjafnara en með hleraflottrolli, þar sem autotrollið jafnar átökin.



2432 m Gloríu partrollið er sannkallað uppsjávar-flottroll. Ljós: Viðar Sig.

Þankraftar

Pokahornið leitaði fréttu hjá Guðlaugi og spurði hvernig honum líkaði við trollið. „Það er mjög auðvelt að vinna með nýja trollið uppi í yfirborði,” segir hann og segir þar hjálpast margt að. „Það er enginn vafi á því að þankraftur nýju Helix kaðlanna virkar fullkomlega. Þeir þenja trollið afskaplega vel út en eru fyrirferðarminni en eldri gerðin, sem léttir trollið verulega í drætti.”

„Það er líka alveg á hreinu að vængirnir smala fiskinum vel inn í trollið og þar spilar þankrafturinn einnig stóra rullu í því að halda fiskinum inni í veiðarfærinu inn að miðju trollopsins,” segir Guðlaugur.

Hljóðlausir kaðlar í belgnum

„Það var athyglisvert að sjá í yfirborðinu að þankaðlarnir í belgnum sveiflast eða titra ekki og eru því hljóðlausir á toginu. Það held ég að hjálpi til við að styggja ekki síldina á leið hennar inn í trollið. Síldin er afar styggur fiskur og oft erfitt að veiða hana því hún er ansi næm fyrir umhverfishljóðum í hafinu,” segir hann.

Og Guðlaugur heldur áfram: „Ég held líka að þankrafturinn þenji byrðin mun betur í sundur en hefðbundin netbyrði og það gefur okkur rýmri netkeilu aftur að pokaum sem hlýtur að segja manni að það fer vel um síldina þegar hún fer aftur belginn að pokaum.”

T90 - tær snilld!

Guðlaugur var einn af þeim fyrstu til að prófa T90 þverpoka fyrir nokkrum árum og notar nú eingöngu þannig poka við veiðarnar. „Mér finnst þessir pokar alveg tær snilld því það er allt annað að vinna með þessa poka en með þá hefðbundnu,” segir hann. Síldin fer mun hraðar aftur í pokann en áður sem kemur í veg fyrir ánetjun í belgnum og að það myndist



Gloríu partrollinu slakað út.

Ljós: Kristján Gunnar Þorvarðsson

flöskuháls í pokaum þegar hann fyllist af fiski.”

Togtaugarnar halda trollinu í yfirborðinu

Guðlaugur segir að þeir noti einungis 70 faðma (128 metra) af Dynex Togtaugum við að halda Gloríu trollinu uppi í yfirborði.

„Við notum ekki lyftifleka á höfuðlínunni til að halda henni uppi, það er óþarfi því það er ekkert mál að halda trollinu í yfirborðinu án flekanna. Það þakka ég Dynex Togtaugunum, sem við hér um borð erum afskaplega ánægðir með en

við byrjuðum með þær fyrir hálfu öðru ári síðan.”

Besta trollið!

„Við erum yfirleitt með 170 faðma (311 metra) á milli skipanna á toginu og togum á 4 sjómílna hraða. Þetta fyrirkomulag gefur okkur um tvöfalt stærra trollop en á gömlu 2048 metra Gloríu trollunum og árangurinn er líka eftir því. Samt sem áður notum við sama magn af olíu pr. klst á 2432 metra trollið eins og við notum á 2048 metra trollið, sem segir okkur að útfærslan hefur tekist mjög vel að öllu leyti.”

„Þetta er besta troll sem komið hefur um borð í þetta skip frá upphafi,” segir Guðlaugur að lokum og er kátur á svipinn.

„Gloríu partrollið er hörkuveiðarfæri!“

Segja Sturla og Sigurbergur skipstjórar á Berki NK-70

Pokahornið hafði samband við skipstjórana Sturlu Þórðarson og Sigurberg Hauksson á Berki frá Neskaupstað og spurði hvernig þeim líkaði við Gloríu 2432 trollið sem Sildarvinnslan festi kaup á í sumar.

Trollið fiskar vel og er létt í drætti

„Við tókum partrollið um borð í Bökk um mánaðamótin júní-júlí á Neskaup-



Aflanum dælt á fullu úr sildarpokanum á Berki.

stað. Við erum búnir að fiska einhver lifandi ósköp í trollið af síld og makríl á þeim tveim mánuðum sem liðnir eru frá því að við tókum það um borð,“ segir Sigurbergur Hauksson.

„Þetta er hörkuveiðarfæri og tekur rosalega vel þann fisk sem kemur fram á höfuðlínumælinum í troll-opinu. Glorían er tiltölulega létt í drætti. Við erum með um 60% skurð á skráfunni að meðaltali og það þykir okkur létt miðað við þau troll sem við höfum notað áður í partogveiðinni.“

Samvinna

Undir þetta tekur Sturla Þórðarson skipstjóri og segir



Inn með trollið inn.

að þeir hafi fylgt ráðum Guðlaugs á Ingunni um það hvernig árangursríkast væri að beita veiðarfærinu við veiðar. „Okkur fannst best að fara að ráðum Guðlaugs og vera ekki að reyna að finna upp hjólið með happa- og glappaaðferðinni, enda hefur þetta gengið mjög vel hjá okkur í sumar með þessari nýju útfærslu af partrolli frá Hampiðjunni,“ segir Sturla að lokum.

Birkeland dregur úr mengun

Fyrsta norska flottrollsskipið með Dynex Togtaugar

Nýlega afgreiddi Hampiðjan 2 x 2 000 metra af 40 mm Dynex Togtaugum til norska nóta- og flottrollsskipsins Birkeland í eigu útgerðar-fyrirtækisins Brødrene Birkeland A.S. sem er í Austervold í Noregi.

Skipið var byggt árið 2004 og er eitt af nýrri skipum í norska uppsjávarflotanum. Lengd þess er 68,8 metrar og breidd 13,8 metrar. Aðalvél skipsins er af gerðinni Wärtsilä með 6597 hestöfl sem skilar 80 tonna togkrafti út á skráfu skipsins. Tvær 85 tonna togvindur frá Rolls Royce eru á skipinu og það er nóg pláss fyrir Dynex Togtaug-

arnar á þessum öflugum vindum. Burðargeta Birkeland er 2000 m³.

Dynex dregur úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda

Birkeland útgerðin fékk á síðasta ári styrk frá NOx-sjóðnum til endurbóta á aðalvél og kaupa á Dynex Togtaugum til að minnka særými skipsins og um leið útblástur þess. Það verður léttara á sjónum sem nemur mismun þyngdar á togvörum og Dynex Togtaugum, mismunurinn er 22 tonn. Áætluð minnkun á útblæstri Birkeland við þessar aðgerðir nemur um 120 tonnum af gróðurhúsalofttegundum á ári.

NOx-sjóðurinn er í umsjón atvinnulífsins í Noregi og hefur það hlutverk að stuðla að minnkun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Um 98% allra fyrirtækja í Noregi eru aðilar að sjóðnum og úthlutar hann styrkjum til þeirra sem vilja gera endurbætur t.d. á fiskiskipum til minnkunar útblástursegna frá aðalvélum skipanna.

Útblástursskatturinn sem tók gildi 1. janúar 2007 var 15 NOK á kg af útblæstri, rann beint til norska ríkisins í fyrstu, en með tilkomu NOx-sjóðsins borgar norskt atvinnulíf 4 NOK beint til sjóðsins, sem þar á móti styður aðgerðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.




Flottrollsskipið Birkeland frá Austervold í Noregi.

Ljós: Bernt Sortland

Nýtt 2048 metra Gloríu kolmunnatroll

Síðastliðinn vetur var ráðist í að endurhanna Gloríu flottroll til að veiða kolmunna, bæði niður á Rockallsvæðinu og norður eftir. Í byrjun vertíðar heldur kolmunninn sig á Rockallsvæðinu og er mikið í þykkum torfum í hrygningu, sem aftur dreifist úr þegar hann gengur vestur af Færeyjum. Skipstjórar sem hafa veitt kolmunna bæði í hrygningu og síðar á vertíðinni hafa greint að hann hagar sér með nokkuð ólíkum hætti gagnvart veiðarfæri þegar hann er í hrygningarástandi heldur en þegar hann dreifðari.



Helix kaðlar. Sá rauði er af eldri gerð en sá græni nýr með grennri vængþætti og meiri snúðlengd.


Niðurstaða hönnunarvinnunnar var eftirfarandi:

Hönnunarvinnan

Grunnforsendan í hönnun trollsins var að það smalaði kolmunnum jafn vel, hvort heldur hann væri í torfum í hrygningu eða dreifðari þegar liði á vertíðina.

- Nýr Helix kaðall var hannaður með minni vængþætti en með lengri snúð. Þannig er kaðallinn léttari í drætti, endist betur en er með meiri þaneiginleikum en eldri gerðin.
- Möskvaleggirnir, sem áður voru klampaðir saman, eru nú splæstir með Dynex lás.
- Möskvarnir fremst í trollinu voru minnkaðir.
- Eftir ótal tilraunir, bæði í tölvuhermi Hampiðjunnar og í tanki, var belgunum breytt þannig að innra rými trollsins var aukið og straumflæðið í trollinu jafnað, þannig að kolmunninn flyti betur aftur eftir og styggðist síður á leiðinni í pokann.

2048 m Gloríu flottrollið frá trollhermi Hampiðjunnar.



- e. Við nýja trollið var síðan notaður sérlega sterkur og víður T-90 kolmunna-poki.

Reynslan

Nýja trollið var reynt um borð í uppsjávarskipinu Ingunni og reyndist það mjög vel. Skemmst er frá því að segja að það smalaði kolmunnum afburða vel og skilaði honum hratt og vel aftur í poka, hvort heldur veitt var á Rockall svæðinu eða á Færeyjamíðum. Þá var það, þrátt fyrir að vera 15% efnis-meira en eldri gerð, ekki þyngra í drætti – og munar þar mestu um nýja Helix kaðalinn og betra flæði í belg og poka.



Lipur og létt möskva samsetning.

Þau markmið náðust því, sem voru sett í upphafi – þ.e. létt og meðfærilegt Glóriu þantroll, sem hefur jafnt og gott straumflæði aftur í belg og poka og smalar kolmunna vel, bæði í hrygningu á Rockallsvæðinu og dreifðari á Færeyjamíðum.

Cosmos-rækjutroll í austustu byggðum Rússlands

Rækjuveiðar á djúpslóð hófust upp úr 1970 og alla tíð síðan hefur Cosmos haft forystu í þróun þessara veiðarfæra. Þetta hefur tryggt fyrirtækinu viðskiptavinum hjá öllum helstu rækjuveiðipjóðum heims.

Okhotskhaf við austur-strendur Rússlands er meðal fjarlægari veiðislóða, en þangað hefur Cosmos selt rækjutroll sín.

Fyrstu veiðarfærin voru seld útgerðarfélaginu Kam-mag Co. Ltd. í Petropavlovsk/Kamchatskiy. Þau viðskipti leiddu til mikilla veiðarfærakaupa í tvö önnur veiðiskip fyrirtækisins, m/s Saphir-1 og m/s Alexandrite.

Hvað segir viðskipta-vinurinn?

„Kammag Co. Ltd. hefur notað Cosmos-rækjutroll í níu ár. Þegar við fengum veiðiskipið Alexandrit var það búið evrópsku trolli af annarri gerð en við skiptum yfir á Cosmos-troll eftir þrjá mánuði. Við það jókst aflinn um 35% og skipið varð aflahæst allra rækjuveiðiskipa á Okhotskhafi.

Við notuðum líka troll af annarri gerð í næsta rækjuveiðiskipi okkar, Saphir-1, en að mánuði liðnum skiptum við líka yfir í Cosmos-troll. Cosmos-rækjutroll eru létt, tryggja ákjósanlegt gegnflæði og stöðugan afla á hægri ferð.

„Öflug meðmæli Kammag



Tveggja-trolla kerfi frá Cosmos Trawl um borð í Alexandrit.

Co. Ltd. og fagmannleg ráðgjöf rússnesks umboðsmanns okkar hafa leitt Cosmos til forystu í sölu rækjutrolla á gervöllu svæðinu, enda á það viðskipti við fjölda skipa frá Kamtsjatka, Sakhalín, Vladivostok og víðar,“ segir Lars Jensen,

aðstoðarforstjóri Cosmos, að lokum.

Nýr Viking Xstream

Smíðin komin heim!

Í kjölfar gengisfalls krónunnar var smíði á hlerum Hampiðjunnar flutt heim til Íslands. Innlendur málmiðnaður, sem er þekktur fyrir vandvirka og hæfa fagmenn, er orðinn samkeppnishæfur í verðum við önnur lönd Evrópu. Í kjölfarið samdi Hampiðjan við vélsmiðjuna Hamar í Kópavogi um smíði og viðhald á toghlerum fyrir tækisins.



Að hafa framleiðslu hleranna í Kópavogi auðveldar öll samskipti við smíði þeirra og gæðaeftirlit og eftirfylgni með allskonar smáatriðum verður leikur einn.

Fyrsta hleraparið sem smíðað var hér heima var Viking Xstream fyrir Vestmannaey VE-444. Gestur Rúnarsson sölustjóri og Pétur Jensen tæknistjóri hlera hjá Hampiðjunni, sáu um undirbúningsvinnu verkefnisins, en Pétur kom aftur til starfa hjá Hampiðjunni í lok síðasta árs.

Ráðist var í að yfirfara hönnun Viking hlerans og hann endurbættur á ýmsan hátt, m.a. annars með tilliti til þyngdardreifingar og jafnvægis, en stærsta breytingin var að settar voru á hann straumrafur til að minnka baksogið og auka kraftinn.

Hampiðjan hefur nú selt Viking Xstream á fjölmörg skip hér á landi.

Eftirfarandi eru nokkrar umsagnir skipstjóra um virkni þeirra.

Ottó N. Thorláksson RE-203

Jóhannes Ellert Eiríksson skipstjóri á Ottó N. Þorlákssyni RE-203 fékk fyrstu Xstream hlerana til reynslu í árslok 2007 og hefur verið með þá síðan. Að sögn Jóhannesar er hann afar sáttur við hlerana eins og kom fram í síðasta Pokahorni í október 2008, þar sem hann telur upp kosti þeirra. Þeir skveri betur



Jóhannes Ellert Eiríksson skipstjóri

og dragi betur upp en þeir gömlu. Hann segist ná hálfrar mílu meiri hraða með hlerana, þeir séu mjög stöðugir á botninum og vinni frábærlega þegar farið er fram af bröttum köntum og togað dýpra. „Það fer að koma að endurnýjun á næstu mánuðum og ég hef mikinn áhuga á að fá jafngóða Xstream hlera og ég hef verið með fram að þessu,“ segir Jóhannes að endingu.

Hringur SH-153

Ingimar Hinrik Reynisson skipstjóri var nýkominn í



Ingimar Hinrik Reynisson skipstjóri

land á Grundarfirði með fullt skip af karfa eftir stuttan túr þegar Pokahornið hafði samband við hann nýlega. Aðspurður um reynsluna af 4,4 m² Xstream hlerunum sagði hann að Poly-Ice toghlerar hefðu alltaf verið í upphaldi hjá sér. Xstream hlerarnir eru jafn kraftmiklir og 5,5 m² eldri Viking hlerar sem hann notaði áður. „Ég hef notað Xstream hlerana í rúmt ár og það er óhætt að segja að þeir hafa reynst vel í alla staði. Þeir hafa einungis farið í viðgerð einu sinni og það er ekki mikið miðað við þá áraun sem þeir verða fyrir á hörðum botni í grennd við Látrabjargið. Við veiðum mikið á grunnslóð á um 30-40 faðma (55-75 metra) dýpi. Þar skvera hlerarnir trollið vel í sundur á harða botninum, því þeir fara sjaldan úr jafnvægi og skila fiskinum vel aftur í trollið.“

„Ég er frekar íhaldssamur með hlera og vil helst geta lásað þeim við trollið og hafið veiðar án þess að þurfa að standa í tilrauna-starfsemi með stillingar fram og tilbaka. Það fer að koma að endurnýjun hjá mér og það er athyglisvert og áhugavert að heyra af þróuninni hjá Hampiðjunni í Poly-Ice Xstream hlerunum.“

Ljós: Þorgeir Baldursson.



Sigurður Sigurjónsson skipstjóri
Ljós: Óskar Þór Friðriksson

Bergey VE-544

Sigurður Sigurjónsson skipstjóri á Bergey og áður á Smáey til fleiri ára er afar ánægður með 4,4 m², 1600 kg, Viking Xstream hlerana sem hann hefur verið með undir við Seastar trollið í rúmt ár. „Það er afskaplega lítið viðhald á þessum hlerum. Við höfum skipt um skó einu sinni, það er allt og sumt. Hlerarnir skvera trollið vel og halda sér í góðu jafnvægi á toginu.

Það hjálpar auðvitað að vera með góð tæki sem sýna manni stöðu hleranna á toginu. Þetta er algjör bylting frá því sem var þegar menn slökuðu veiðarfærinu í sjóinn án mælitækja og vonuðu síðan hið besta. Xstream hlerarnir eru sérlega léttir í upphífingu en það hefur mikið að segja gagnvart olíunotkun sem allir eru uppteknir af um þessar mundir.“

„Við fiskum mest á grunnslóð og þar erum við yfirleitt með grandaralengdina á milli hleranna og hefur það reynst fint hjá okkur. Höfuðlínumælirinn hjálpar okkur til að sjá hvort trollið er klárt og það er aðalmálið að það sé í lagi og fiski þann fisk sem við erum að elta við. Ég fæ mér hiklaust þessa týpu aftur þegar þar á kemur.“



Birgir Þór Sverrisson skipstjóri
Ljós: Óskar Þór Friðriksson

Vestmannaey VE-444

Birgir Þór Sverrisson skipstjóri á Vestmannaey er ánægður með nýju Viking Xstream hlerana frá því í vetur eftir ýmsar útfærslubreytingar er skiluðu sér í aflmeiri hlerum sem haldast í jafnvægi við erfiðar aðstæður. Enn sem komið er hefur Birgir ekki farið að ráði með hlerana á dýpra vatn til að sjá hvernig þeir virka þar, en eldri hlerar skipsins lyftu Dynex Togtaugum og trolli skipsins frá botni þegar togað var yfir hæðottan botn og í hörðum straumi, sem leiddi til þess að slaka varð út mun lengri taugum en skip með togvira á sömu slóð. Nýju Hampiðjuhlerarnir eru minni en eldri Injector hlerarnir, en að sama skapi þyngri, þeir eru 3,7 m² að flatarmáli og vega 1 600 kg. Hægt er með einfaldri aðgerð að þyngja hlerana í 2 000 kg þegar þeim er beitt á 300 faðma botndýpi. Með minna flatarmáli er gert ráð fyrir að hlerarnir lyfti sér síður á dýpinu og þyngri lóð haldi hlerunum í botni með styttri Togtaugalengd en áður. Á djúpslóðinni er auðvelt fyrir skipið að ráða við þyngri hlera, vegna léttleika Togtauganna, því þær eru 40 sinnum léttari í sjó en stálvir í sama sverleika!



Þórður Magnússon skipstjóri
Ljós: Alfons Finnsson Ólafsvík

Höfrungur III AK-250

Þórður Magnússon skipstjóri á Höfrungi III AK-250 segir að 10,9 m² Xstream hlerarnir sem hann er með séu jafnbestu hlerar sem hann hefur notað hingað til.

„Þetta eru alhliða hlerar sem ég get notað jafnt á 30 faðma dýpi sem á 800 faðma dýpi eins og ég er t.d. að fiska á hér á Hampiðjutorginu. Hlerarnir eru mjög sterkbyggðir og þola vel það álag sem á þá kemur hér á grálúðuslóðinni þar sem botninn er þakinn stórgrýti af Grænlandsjökli.

Ég held að þessir hlerar séu ekki að ofskvera trollið en þeir halda mjög góðu jafnvægi á toginu og falla ekki saman þótt trollið fyrir aftan þá og rokkhopperlengjan séu í uppnámi inn á milli vegna hins erfiða botnlags á togslóðinni og það er jafnframt minna rifrildi á trollinu. Það tók nokkurn tíma að fá hlerana til að virka sem skyldi en eftir að þetta small saman er bara gaman að vinna með þessa ágætu hlera.“



Sigurjón Halldórsson skipstjóri

Farsæll SH-30

Sigurjón Halldórsson skipstjóri á Farsæli frá Grundarfirði festi nýlega kaup á 3,6 m², 1500 kg Viking Xstream hlerum. Þegar Pokahornið hafði samband við Sigurjón var þá skipið með hlerana undir í fyrsta túr og það líti bara vel út með nýju hlerana. Sigurjón lét gera breytingu hvað varðar skóbúnaðinn.

Undir hlerana lét hann setja heilsoðin Hardox skíði eða sóla sem er breiðari en hlerinn sjálfur og hlífir með því betur suðufestingunni við hlerann. Sigurjón telur að þetta minnki viðhald á hlerunum. Verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig til tekst hjá þeim á Farsæli með nýja lagið á skóbúnaði hleranna.

Norðborg KG-689

Flaggskip Færeyinga kaupir Dynex Togtaugar

Hið nýja og glæsilega veiði- og vinnsluskip Norðborg KG-689 kom til heimahafnar í Klakksvík í byrjun maímánaðar eftir nokkurra vikna siglingu frá Chile, þar sem skipið var byggt í skipasmíðastöðinni ASMAR. Hún er færeyskum og íslenskum útgerðarmönnum að góðu kunn, en þar hafa mörg færeysk og íslensk skip verið byggð og hafa reynst vel í alla staði.

Útgerðarfélag skipsins Hvalnes P/F og eigendur þess sem eru Christian Martin Rasmussen útgerðarmaður og synir hans



Norðborg KG-689 frá Klakksvík í Færeyjum.

Eyðun, Jón og Bogi. Þeir ákváðu á byggingartímanum að kaupa Dynex Togtaugar af Hampiðjunni. Togtaugarnar, sem eru 2 x 2300 metrar að lengd og 40 mm að þvermáli, voru sendar til Chile í ársbyrjun

og notaðar við prufukeyrslu á skipinu áður en það hélt af stað heimleiðis í mars síðastliðnum.

Ástæða þess að þeir feðgar ákváðu að kaupa Dynex Togtaugar var góð reynsla

þeirra á Finni Fríða og fleiri skipum jafnt við veiðar á kolmunna á miklu dýpi sem við veiðar á síld og makríl uppi við yfirborð sjávar. Að sögn Jóns og Boga, sem eru skipstjórar skipsins, hafa Dynex Togtaugarnar reynst mjög vel í alla staði í yfirborðsveiðinni eftir síld og makríl í sumar.

Áhugamenn í sjávarútvegi munu fylgjast vel með þessu frábæra vinnslu- og veiðiskipi þar sem ekkert var sparað til að nýta allar helstu tækninýjungar í skipasmíðum jafnt sem veiðarfærum.

Hampiðjan árnar útgerð og áhöfn allra heilla með hið nýja skip og rekstur þess í framtíðinni.



Dynex Togtaugin séð frá hlerum inná togvindu.

Ljós: Quentin Bates

Fiskihólfíð

Norræna gulldepla (*Maurolicus mülleri*)

Ný fisktegund bættist í fiskveiðiflóru Íslendinga um síðustu áramót sem nefnist norræn gulldepla, oftast kölluð gulldepla.



Norræna gulldepla.
Ljós: Francesco Costa

Silfurfiskætt

Gulldeplan er af silfurfiskætt (Sternoptychidae) og er langvaxinn og þunnvaxinn miðsævisfiskur sem verður 7 sm að lengd og nær 3 ára aldri. Gulldepla hefur fundist á 1500 metra dýpi en heldur sig mest á 150-250 metra dýpi að degi til en að nóttu til er hann á 50-150 metra dýpi. Þar er erfitt að veiða hann, því hann dreifir sér og þá er afskaplega erfitt að greina hann á fiskleitartækjum á þessum tíma sólarhrings. Gulldepla verður kynþroska eins árs gömul og hrygnir 200-500 eggjum sem fljóta í yfirborðinu. Hrygningstendur yfir frá mars fram í september.

„Helvítið“

Gulldeplan kemur upp að suðausturströnd landsins á haustin og þókar sér vestur á bóginn að Reykjanesi en hverfur síðan í mars eins og hún gerði á þessu ári. Skipstjórar trollbáta sunnanlands kalla fiskinn „helvítið“, því að allur bolffiskur hverfur af svæðinu þegar gulldeplutorfan leggst yfir trolls svæðin. Það er einungis ufsinn sem glefsar í endann á torfunni vestan megin og gæðir sér

á henni. Gulldeplan kemur óreglulega upp að landinu og stundum geta liðið nokkur ár á milli þess að hún láti sjá sig.

Hrun loðnuveiðanna - ný tækifæri

Það var ljóst í ársbyrjun að ekki yrði mikið um loðnuveiðar þetta árið og því bar vel í veiði fyrir uppsjávarskipin sem tilbúin voru í loðnuveiðina. Flest skipanna hófu veiðar strax í janúar með loðnuflottrollin og gekk þokkalega vel að veiða gulldepluna þótt hún sé talsvert minni en þriggja ára loðna sem er að meðaltali 13-17 sm löng. Ýmsar útfærslur voru reyndar við veiðarnar til að halda gull-



Grímur á Felli, skipverji á Hugin VE 55 með lúkufylli af gulldeplu.

deplunni inni í loðnupokunum, settar upp þenslugjarðir og fellilínur á poka og notaðir smærri möskvar aftast í pokanum, allt niður í 9 mm en möskvastærð loðnupokanna er 19,6 mm.

Ágætis bræðslufiskur

Gulldeplan hentar vel til bræðslu því hún var að meðaltali með 15,6% fituinnihald og 15% eggjahvítuefni sem gefur loðnunni ekkert eftir hvað þetta snertir.

Það veiddust 38 þúsund tonn af gulldeplu í janúar og febrúar og fram í mars en þá hvarf gulldeplan mjög skjótt þegar liða tók á mánuðinn og fannst ekki aftur þrátt fyrir töluverða leit innan sem utan landhelginnar.


Heimildir:

Gunnar Jónsson. 1992. „ÍSLENSKIR FISKAR“. Fjölvaútgáfan Reykjavík.
www.fishbase.org „Norræna gulldepla“
www.fiskistofa.is „Aflaupphýsingar“



Það fara ógrynni af þessum smáfiski í eitt tonn í lestinni.

Ljós: Elvar Páll



Útbreiðslusvæði gulldeplunnar í heimshöfunum.

Kortið er birt með leyfi:
www.fishbase.org
www.aquamaps.org,
Útgáfa 10/2008.



GJALLARHORN

Dynex kaðlar eru öryggismál!

Óhapp varð um borð í dragnótabátnum Farsæli GK-123 síðastliðinn vetur þegar 14 mm Dynex kaðall frá Hampiðjunni slitnaði þegar verið var að hífa tvö 500kg fiskikör upp úr lest með krana skipsins. Siglingastofnun kom að málinu og lýsti yfir að ekki væri heimilt að nota Dynex kaðla í krana eða bómur skipsins. Vísaði stofnunin til skoðunarhandbóka þar sem einungis er talað um að nota vír í þessi lyftitæki skipanna.

Annað tilvik tengt þessu er þegar nýtt togskip kom til landsins 2007. Þar varð útgerðin að taka í burt yfirfléttaðan Dynex kaðal sem nota átti í stað stálvírs, sem hefur verið tengdur við akkeriskeðju skipa í áratugi. Var þar byggt á sömu skýringu, að það sé einungis talað um vír og ekkert annað í akkerisfestingar skipa samkvæmt reglugerðum.

Dynex væðing

Það undarlega við þetta allt saman er sú staðreynd að um borð í togveiðiskipum

nú til dags er fullt af hífbúnaði þar sem einungis eru notaðir Dynex kaðlar við hífingar og má þar nefna gilsa, bakstroffur, flottrolls-grandara, sterta, rússa, leiðara, hífigjarðir, bakstroffubúnað, fastsetningar og nú upp á síðkastið, togtaugar í stað togvíra.

Léttur, lipur, sterkur og endingargóður

Hver skyldi ástæðan vera fyrir vinsældum Dynex kaðla hjá sjómönnum? Það er örugglega ekki verðið, því það hefur frá upphafi verið talsvert hærra en fyrir stálvír í sama sverleika. Vinsældirnar má ugglaut

rekja til léttleika kaðalsins, hvað hann er miklu auðveldari í allri meðhöndlun, styrkur hans er jafn mikill og stálvírs, hann ryðgar hvorki né tærist, er með hátt núningsþol og lengri endingartíma.

Síðast en ekki síst er lítil sem engin teygja í kaðlinum, sem gerir það að verkum að við slit dettur hann dauður niður.

Þegar vír slitnar þá kemur oftast mikið bakslag, sem er stórhættulegt þeim sem fyrir því verða eins og fjöldamörg dæmi eru um í gegnum tíðina.



Nýjungar og eftirlitskerfið
Þegar kemur að nýjungum er erfitt að hreyfa málum í hinu opinbera eftirlitskerfi, jafnvel þó að breytingarnar stuðli að léttari og öruggari vinnubrögðum til sjós. Þegar reglurnar voru samdar var vír til - en ekki ofurkaðlar. Nú hafa slíkir kaðlar verið til í bráðum 20 ár. Spurningin er, hvað þarf að gerast til að ná fram breytingum á þessu sviði? Auðvitað er það þannig, bæði með stálvír og Dynex ofurkaðla, að hægt er að slíta eða eyðileggja hvorttveggja með rangri eða slæmri meðferð. Munar þó nokkru að sjór og selta eyðileggur vírinn örugglega með tíð og tíma, sem er ekki raunin með Dynex ofurkaðalinn.

Umræður nauðsynlegar

Er ekki þörf á að þeir sem hagsmuna eiga að gæta komi saman og ræði málin og meti hvernig hægt sé að þoka málum áfram þannig að reglur taki mið af þeim valkostum sem til staðar eru á hverjum tíma og lakari kostum sé ekki haldið fram en þeim sem öruggari eru hafnað.



Yfirfléttuð Dynex kranataug

Það hefur komið í ljós að undanfögnu að mikill fjöldi báta hér við land notar ofurkaðla í krana til hífinga við veiðarfærin og til löndunar á aflanum á útgerðarstöðum víðsvegar um landið.

Margir skipstjórar nota fléttaða Dynex 75 kaðla í hífitaugarnar með þvermáli frá 10 mm í 18 mm. Dynex kaðlarnir eru vinsælir meðal sjómanna vegna léttleikans og margra annarra kosta. Það sem eyðileggur fyrst og fremst kaðlana er þegar þeir lenda á skörpum köntum og skerast og við endurtekið nuddalag í langan tíma. Við þetta minnkar styrkleiki kaðalsins sem því nemur.

Rétt gerð splæsa skiptir höfuðmáli


Þá skiptir gríðarlega miklu máli að augnsplæs og endasplæs séu þannig úr garði gerð að þau séu stungin a.m.k. sex sinnum yfir einn og undir tvo þætti og endarnir þynntir á sama máta niður í einn þátt. Ef þetta er ekki gert er hætt á að kaðallinn slitni rétt aftan við óþynnt splæsið. Þetta á einnig við aðrar gerðir af köðlum og vírum og því mikilvægt að þetta sé gert að reglu en ekki undantekningu að þynna öll splæs.



Dynex kranataug.

Dynex Togtaugar

Margir viðskiptavina Hampiðjunnar nota nú Dynex Togtaugar í stað togvira með góðum árangri. Það ríkti nokkur óvissa um endingu Togtauganna í byrjun en þær hafa sýnt það og sannað að þær standa vel undir þeim væntingum sem í upphafi voru gerðar til þeirra.



Dynex þáttasplæs.

Frábær kápuvörn

Togtaugarnar eru vel varðar inni í hlífðarkápu sem fléttuð er utan um Togtaugina og ver hana gegn harkalegri meðferð. Það er því kápan sem gefur eftir í flestum tilfellum en Togtaugin er ósködduð eftir.

Yfirfléttaður kaðall

Það má leiða líkur að því að yfirfléttaður Dynex kaðall sé afskaplega góður kostur við val á hífitaug í krana, frekar en án hennar.

Fléttaður Dynex 75 kaðall.



Hífitaugar lenda oft í harkalegri meðferð án þess að það sé ætlunin í hita leiksins og þá er mikilvægt að hafa góðan höggpúða á hífitauginni sem tekur af mesta höggið og kemur í veg fyrir slit á kaðlinum. Þá ber þess að geta að það eru mun minni líkur á að kaðallinn grafi sig fastan á spil/kranatromlunni þegar hann er yfirfléttaður vegna stífleikans sem myndast við yfirfléttinguna.

Dynex Dux kaðall, eftirstrekkur eftir fléttingu. Við það eykst styrkur um 15% og þvermál og tognun minnkar.



Cosmos-veiðarfæri framleidd í Bangladess

Sea Resources Limited í Bangladess og dansk veiðarfæraframleiðandinn Cosmos Trawl A/S í Hampidjan Group hafa endurnýjað samning við danska samvinnuþróunarfélagið DANIDA um 3. áfanga þróunarverkefnið í veiðitækni í Bangladess. Var það gert eftir eins-árs reynslutímabil og í framhaldi af því stofnuð veiðarfærastöð sem ber nafnið SRL - COSMOS TRAWL LTD.



Dæmigerður Bangladess togari. Bómurnar aftantil eru notaðar við rækjuveiðar á grunnsævi.

Nýja fyrirtækið verður staðsett á Ichanagar / Sardarghat í Chittagong sem er miðstöð sjávarútvegs í Bangladess. Stjórnarformaður er A. Rouf Chowdhury frá Sea Resources og forstjóri er Lars Jensen tilnefndur af Cosmos Trawl. Eiríkur H. Sigurgeirsson netagerðarmeistari hefur verið ráðinn tæknilegur ráðgjafi og mun hann sinna daglegum rekstri verkstæðisins í Chittagong frá og með janúar 2010.

Bygging á nýrri 1500 fermetra veiðarfærastöð mun hefjast fljótlega en á meðan fer starfsemin fram í húsnaði skipasmíðastöðvarinnar á staðnum eins og verið hefur hingað til. Allir starfsmenn fyrirtækisins munu fá þjálfun í veiðarfæratækni, þar sem stuðst verður við námsskrá veiðarfærabrautar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Vörusvið SRL - COSMOS TRAWL LTD. mun samanstanda af flestum tegundum veiðarfæra, með áherslu á skilvirka nútímakosti jafnt á sviði botntrolla, flottrolla og hringnóta. Fyrirtækið stefnir að því að

hafa það fjölbreytt vöruúrval að útgerðarmenn og skipstjórar geti keypt allan þann útbúnað sem nauðsynlegur er til nútíma fiskveiða, ásamt því að boðið verður upp á ráðgjöf og nýjustu upplýsingar í veiðarfæratækni. Með nýjum tækjum og tækni ásamt öflugum starfsfólki verður hægt

að bjóða framúrskarandi veiðarfæri á hagstæðu verði til viðskiptavina hins nýja fyrirtækis.

Þegar nýja veiðarfærastöðin er að fullu komin í rekstur til þjónustu við fiskiveiðiflota Bangladess er stefnt að því að líta til annarra fiskiveiðipjóða í Asíu þar sem svipuð markaðspörf er fyrir hendi.



Við undirritun samninga: T.f.v. Adul Fatah, S.M.A. Hannan, A. Rouf Chowdhury, Amanullah Chowdhury, Einar H. Jensen (sendiherra), Udom Chaitearpunkul, Georg Jensen og Lars Jensen.

Sendið aðstoðarforstjóra Cosmos, Lars Jensen, tölvupóst lj@cosmostrawl.dk, ef nánari upplýsinga er óskað.

GLORIA® HELIX™ DYNEX™



SWAN NET-GUNDRY



COSMOS TRAWL

MAGNET



UTZON

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

Pokahornið, útgáfustjórn: Jón Guðmann Pétursson og Guðmundur Gunnarsson. Hampiðjan, Flatahrauni 3, 220 Hafnarfirði. Áskrift sími 530 3300 og Fax 530 3309 Netfang: hampidjan@hampidjan.is – Veffang: www.hampidjan.is Umsjón: Ottó Ólafsson • Prentvinnsla: Oddi